

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Einar Kristján Einarsson  
gítarleikari  
og  
Robyn Koh  
semballeikari



11. júlí 1989  
kl. 20:30

**Robyn Koh** er fædd í Malasíu árið 1964. Hún hóf píanónám 6 ára að aldri og kom fyrst fram opinberlega ári seinna. Hún fluttist til Englands 1976, þar sem hún stundaði nám við Chetham's School of Music, sem er sérskóli fyrir börn gædd tónlistarhæfileikum. Árið 1982 hóf hún nám við Royal Academy of Music, þar sem aðalkennari hennar var Hamish Milne. Þá byrjaði hún einnig semalnám hjá Virginíu Black og hefur síðan lagt aðaláherslu á semballeik. Að lokinni útskrift úr Royal Academy of Music hélt hún áfram námi við Royal Northern College of Music í Manchester hjá George Hadjinikos og hjá David Roblou í London. Síðastliðið ár hefur hún sótt mánaðarlega tíma hjá Kenneth Gilbert í Mozarteum í Salzburg. Robyn hefur lokið eftirtöldum prófum frá konunglegu tónlistarskólunum í Englandi: LRAM, ARCM og GRSM (Hons).

Robyn hefur komið fram sem stofutónlistarmaður og einleikari í Malasíu, Englandi, Íslandi Frakklandi, Ítalíu, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum. Hún hefur undanfarið verið búsett í Reykjavík og kennt við Söngskólann og Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar.

**Einar Kristján Einarsson** er fæddur á Akureyri og stundaði þar nám í píanóleik o.fl. við Tónlistarskólann, ásamt sjálfsnámi í gítarleik. Haustið 1977 hóf hann gítarnám við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og lauk burtfararprófi 1982. Aðalkennarar hans voru Gunnar H. Jónsson og Joseph Fung. Einar stundaði framhaldsnám í Manchester í Englandi 1982-1988 og voru aðalkennarar hans Gordon Crosskey, George Hadjinikos og David Russel. Hann hefur auk þess sótt námskeið hjá Alirio Diaz, José Luis-Gonzales o.fl. Einar hefur haldið tónleika og komið fram á Íslandi, Englandi og Spáni. Hann lauk einleikara- og kennaraprófi frá Guildhall School of Music 1987 og starfar nú sem gítarkennari við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og Tónlistarskóla Kópavogs.

## Efnisskrá

|                                     |                                                                              |
|-------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------|
| Manuel Ponce<br>(1882 - 1948)       | Prelude                                                                      |
| Porkell Sigurbjörnsson<br>(f. 1938) | Fiori                                                                        |
| Manuel Ponce<br>(1882 - 1948)       | Sonata<br>Allegro moderato<br>Andantino<br>Allegro non troppo<br>e piacevole |
| Áskell Másson<br>(f. 1953)          | Kansóna                                                                      |
| Porkell Sigurbjörnsson<br>(f. 1938) | Fiori                                                                        |
| Luigi Boccherini<br>(1743 - 1805)   | Introduction and Fandango                                                    |